

**Nd.**

**219. Nefndarátt**

um frumv. til laga um útrýming fjárkláða.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Á síðasta Alþingi bar landbúnaðarnefnd neðri deildar fram frv. til laga um útrýming fjárkláða. Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er samhljóða því frv. eins og neðri deild gekk frá því.

Nú hefir meiri hluti landbúnaðarnefndar lagst á móti málinu, en ber fram frv. um sauðfjárbaðanir, sem byggist á alt öðrum grundvelli en frv. það, sem hjer liggur fyrir. Pykir ekki þörf á að ganga inn á efni þess hjer, með því að mál þetta var svo itarlega rætt á síðasta þingi.

Minni hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. mars 1927.

Árni Jónsson,  
fundaskrifari.